

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Smiðju við Tjarnargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2025

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (EES-reglur, einnota plastvörur), 100. mál**

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) vísar til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 21. febrúar sl., um ofangreint mál á þingskjali 100. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í fyrsta lagi vill FA hrósa fyrir að engin gullhúðun sé til staðar í frumvarpinu. Mikilvægi þess að lög og reglugerðir séu ekki gullhúðuð hefur margoft verið fjallað um á síðastliðnum mánuðum og því jákvætt að sjá innleiðingu tilskipunar án neinna burða til gullhúðunar.

FA styður frumvarpið heils hugar og vill benda á að drykkjarvöruframleiðendur í hópi félagsmanna FA hafa tekið skrefið sem nú stendur til að lögfesta fyrir mörgum mánuðum, og jafnvel árum, síðan í þágu umhverfisins. Mikilvægt er að breytingin sem um ræðir, sala á einnota plastvörum með áföstu loki, verði lögfest svo öll þau fyrirtæki sem flytja inn og selja þess konar vörur séu undir sama hatti, enda hefur tilskipunin sem verið er að innleiða verið tekin upp í EES-samninginn.

FA styður einnig frumvarpið vegna þeirra umhverfissjónarmiða sem unnið er að með breytingunni. Umhverfið snertir fólk og fyrirtæki í landinu og mengun hefur, eðli máls samkvæmt, neikvæð áhrif í för með sér. Er því von til þess að með frumvarpinu verði breyting til batnaðar varðandi það plastrusl sem skolast upp á íslenskar strendur eða fellur til í náttúrunni með öðrum hætti.

Virðingarfyllt,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur